

**FUNDARGERÐ**

EB 51-01-00/útg. 1

*verkheiti:* **SKARÐSHLÍÐARSKÓLI** *tilvísun:* 17103  
*fundur:* Stöðufundur nr. 4 *dags.:* 24.10.2017

EB 51-01-00/útg. 1

*Staður og tími:* Norðurhelli 2, þriðjudaginn 24. október 2017, kl. 8.30

*Fundarmenn:*

Gunnar Örn Steingrímsson	GÖS	Eykt
Þorgeir Margeirsson	ÞM	Eykt
Ingibjörg Magnúsdóttir	IM	Skólastjóri
Sigurður Haraldsson	SH	Hafnarfjarðarbær
Stefán B. Veturliðason	SBV	VS

*liður efni* *ábyrgð*

0 **Síðasta fundargerð**  
Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerð síðasta fundar.

2.3 **Hönnun, teikningar og önnur gögn**  
Gögn verksins eru vistuð á Dropbox sem verktaki hefur umsjón með.

Eftirfarandi atriði er snúa að hönnun voru rædd og eftirfarandi bókað:

Felliveggur milli tónlistarstofu og leiksviðs: Nokkrar umræður voru um fellivegg við leiksvið og óskar verkkaupi eindregið eftir að haldið verði í fellivegginn, en samþykkir að lækka kröfur um hljóðeinangrun. Verktaki reyni að ná eins góðum hljóðkröfum og hægt er en þó ekki minni en 48 dB.

Kennslustofur: Varðandi röðun í kennslustofur, þá telur verkkaup betra að raða á lengdina, þó svo að gott sé að eiga möguleika á annarri röðun. Verkkaupi mun fara í að velja búnað sem þarf tengingar í kennslustofum, þannig að tekið verði tillit til hans við hönnun, þ.e. staðsetningu tengla ofl. Tölvumenn verkkaupa munu mæta á næsta hönnunarfund vertaka og fara yfir óskir varðandi tengingar og fleira er snertir tækniþúnað. Skólatöflur verða hvítar og á hjólum. Gera skal ráð fyrir skjávarpa í lofti, sem snýr almennt að skammvegg á móti glugga í um 5m fjarlægð frá vegg. IM mun setja af stað vinnu við val á búnaði.

IM

Eldhús: Miða skal hönnun eldhúss við móttökueldhús. Tækjalisti verður endurskoðaður miðað við það í samráði við innkaupastjóra verkkaupa. Þetta mun klárast í þessari viku.

SH

Heimæðar: Verktaki hefur óskað eftir því við Hafnarfjarðabæ að fá að breyta heimæðum fyrir skólp og regnvatn. Hafnarfjarðarbær hefur samþykkt þessa ósk verktaka. VSB hefur skoðað málið og breytt hönnun heimæða þannig að þetta gengur upp.

Áfangaskipti: Skólastjóri er að skoða hvaða rými þurfa að vera í 1. áfanga m.t.t. fjölda skólabarna næsta vetur. Tillaga verður send verktaka í vikulokin, þannig að hann geti lagt fram tillögur að skipulagi á næsta samráðsfundi.

IM/GÖS

Smíðastofa: Verktaki hefur lagt fram tillögur að breytingu á smíðastofu sem er talin til bóta og samþykkt af verkkaupa.

IM/SBV

- Handlaugar í leikskóla: Verktaki spyr hvort hægt sé að einfalda skilgreiningar í alútboðsgögnum og fækka handlaugum. Þá er spurt um hæðarstillanlegar skiptistöðvar með vaski, sem er lýst sem búnaði, hvort það sé þá ekki verkkaupa að útvega það. Málinu verður vísað til leikskólafulltrúa til umsagnar. IM/SH
- Niðurfallsbrunnar í gólfi; Verktaki leggur til að 600 x 600 mm niðurfallsbrunnar séu eingöngu í ræstimiðstöð og hugsanlega í völdum ræstihbergjum. Verktaki telur að ekki sé rými fyrir niðurföll af þessari stærð í öðrum rýmum. Verkkaupi skoða málið. SH/SBV
- 3.8 Efnissamþykktir**  
Verktaki mun setja upp sérstaka möppu á dropbox fyrir gögn efnissamþykta. Rætt var um girðingu umhverfis skólalóð, en verktaki hefur lagt fram mynd af grænni netgirðingu 1,2 m að hæð. Verkkaupi telur að þetta sé girðing í samræmi við það sem verið er að nota á leikskólalóðir í dag. BM/SBV
- 6.1 Stöðufundir**  
Fundir eru haldnir annan hvern þriðjudag á Norðurhelli kl. 8.30. Á fundina mæta fulltrúar verktaka og ráðgjafa auk fulltrúa verkkaupa. Ráðgjafar mæta að jafnaði á annan hvern fund. Skólastjóri mun sitja fundina.
- 6.6 Verkframkvæmd, verkstaða**  
Verið er að steypa undirstöður 1. áfanga og byrjað að fylla undir plötu. Verður byrjað að grafa fyrir lögnum í næstu viku. Byrjað verður að steypa þrífalög undir byggingu B í lok vikunnar og að steypa undirstöður í næstu viku.
- 6.7 Verkáætlun, framvinda verks**  
Ekki rætt.
- 8.1 Önnur mál**
- 8.2 Næsti fundur**  
Næsti fundur verður á Norðurhelli, þriðjudaginn 7. nóvember nk., kl. 8.30.

*Fundarritari: SBV*

*Dreifing fundargerðar; Fundarmenn*